

### **13. Frumvarp**

til laga um uppkvaðningu dóma og úrskurða.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

#### **1. gr.**

Kveða skal hinn reglulegi hjeradsdómari upp dóma, bæði í einkamálum og opinberum málum, á skrifstofu sinni eða í þinghúsi heimilisþinghár sinnar, enda þótt utan þinghár sje, þar sem mál var flutt.

#### **2. gr.**

Nú skal setudómari kveða upp dóm í máli, sbr. 1. gr., og skal hann þá segja dóm upp í kaupstað þeim eða kauptúni, þar sem hann á heima, eða á heimili sínu, þótt það sje utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem með málið var farið.

#### **3. gr.**

Ef kveða skal upp úrskurð í dómsmáli, sbr., 1. gr., þá skal svo með fara sem í 1. og 2. gr. segir.

#### **4. gr.**

Ávalt er dómara skylt að veita aðiljum vitneskju um uppsögn dóms eða úrskurðar, þegar er þess er kostur, ef uppkvaðning fer fram utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem mál er eða var flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara.

#### **5. gr.**

Nú á dómari samtímis öðrum störfum að gegna á þeim stað, er mál var eða er flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara, eða hann á þar leið um, og ber honum þá að kveða þar upp dóm sinn eða úrskurð. Sama er og, ef aðili krefst þess, að þar verði dómur eða úrskurður upp kveðinn, en bera

skal aðili þá allan þann kostnað, sem af kröfu hans leiðir, hver sem málsúrslit verða og hvort sem hann hefir haft gjafsókn eða gjafvörn að einhverju leyti eða öllu, eða ekki.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo mun verða að líta á, að dómara í einkamálum, þar á meðal skiftaráðanda, fógeta og uppboðshaldara, sje óheimilt að kveða upp dóma og úrskurði utan þeirrar þinghár, kaupstaðar eða lögsagnarumdæmis, þar sem mál er eða var flutt eða dómsathöfn, t. d. aðför, skyldi annars fram fara, nema aðiljar samþykki. Þetta skipulag veldur bæði fyrirhöfn og kostnaði, einkum þar sem setudómarar fara með mál. Ber það ósjaldan við, að setudómari, sem auðvitað hefir samið dóminn heima hjá sjer, verður að takast langa ferð á hendur til þess eins að lesa upp dóminn. Þess konar ferðalag kemur aðiljum málsins að engu gagni. Þeim væri jafnhægt að afla sjer eftirrits af dómi eða úrskurði, þótt uppsagan hefði farið fram á heimili dómarans. Í gjafsóknar og gjafvarnarmálum og opinberum málum kemur ferðakostnaður dómara venjulega á rikissjóð, en í öðrum málum telst hann til málskostnaðar, sem annar hvor aðilja eða báðir verða að bera. Ríkissjóður hefir vitanlega engan hag af þessu ferðalagi. Það virðist því samkvæmt því, er nú hefir verið sagt, ástæða til að breyta núverandi skipulagi í þessu efni.

Um 1. og 2. gr.

Þessar greinar eiga við *dóma* í dómsmálum alment, bæði í einkamálum og opinberum málum, og tekur 1. gr. til mála, sem hinn reglulegi hjeradsdómari dæmir, en 2. gr. til þeirra mála, er setudómari dæmir vegna þess, að hinn reglulegi dómari hefir ekki getað dæmt þau sakir afstöðu sinnar til máls eða málsaðilja.

Um 3. gr.

Málum, sem fyrir fógeta, uppboðshaldara eða skiftaráðanda koma, lýkur oft með *úrskurði* þannig, að engin dómsathöfn skal fram fara, t. d. ef synjað er um aðför, uppboð eða skifti. Þá er auðvitað þarf laust, að dómari (fógeti o. s. frv.) takist ferð á hendur til að kveða úrskurð sinn upp á staðnum, þar sem dómsathöfnin skyldi hafa fram farið. Sama er um ýms aukamál, er fara þarf með í sambandi við aðalmál, svo sem vitna- eiðs- og matsmál. Ef nú dómari úrskurðar, að þessi mál skuli ekki ná fram að ganga, þá er þarf laust, að hann fari á staðinn til að kveða þar upp úrskurð sinn, nema hann haldi málinu áfram að öðru leyti jafnharðan, t. d. ef spyrja skal önnur vitni en þau, er neitað var að leiða fyrir dóm, þá þegar eftir uppkvaðningu úrskurðar. Þá er einsætt, að úrskurð skal kveða upp á staðnum.

Um 4. gr.

Áfryjunarfrestur telst frá dómsuppsögu eða úrskurðar, ef úrskurði má áfrýja sjerstaklega. Fyrir því þykir rjett að skylda dómara til að veita aðiljum vitneskju um dómsuppkvaðningu eða úrskurðar svo fljótt sem unt er, svo að sem skemstur tími liði milli uppsögunnar og þar til aðiljar fá vitund um hana.

Um 5. gr.

Ef dómara er þess kostur að kveða upp dóm eða úrskurð á staðnum, þar sem mál var flutt o. s. frv., án þess að nokkurn aukakostnað leiði af því, þá er auðvitað rjett, að hann geri það, t. d. ef hann kveður upp úrskurð samstundis eða án þess að fara af staðnum eftir að mál var tekið undir dóm eða úrskurð, ef hann þarf samtímis að koma á staðinn vegna annara embættisverka eða á þar annars leið um. Eanfremur þykir rjett að heimila aðilja, öðrum eða báðum, að gera þá kröfu, að dómur eða úrskurður verði þar uppkveðinn, sem mál var flutt. o. s. frv. En þá verður sá, er þá kröfu gerir, að bera allan kostnað, sem hún hefir í för með sjer. Ef aðiljar gera þá kröfu báðir, getur dómari jafnað á þá kostnaði samkvæmt gildandi lögum.